

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 14. apríl 2023

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Land og skóg**

Þann 28. mars sl. barst Landgræðslunni, frá nefndasviði Alþingis, til umsagnar frumvarp til laga um Land og skóg, 858. mál.

Landgræðslan starfar eftir lögum um landgræðslu nr. 155/2018. Markmið þeirra laga er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Umsögn stofnunarinnar er unnin með þetta að leiðarljósi.

Frumvarp það sem hér er lagt fram fjallar um sameiningu tveggja stofnana, Landgræðslunnar og Skógræktarinnar sem um áratugaskeið hafa starfað að málefnum landgræðslu og skógræktar, hvor á sínum forsendum sem og í samstarfi þegar það hefur átt við.

Frumvarpið breytir ekki fyrirliggjandi verkefnum stofnananna, enda kveðið á um þau í tveimur lagabálkum sem, a.m.k. enn um sinn, skulu gilda áfram.

Í 4. gr. frumvarpsins er þó fjallað um verkefni nýrrar stofnunar. Á engan hátt ber að líta á þá liði sem þar eru upp taldir sem endanleg verkefni sameinaðrar stofnunar. Það að ákveðin verkefni séu þar sérstaklega dregin fram sýnir þó augljóst mikilvægi þeirra. Landgræðslan vill sérstaklega benda á sérgreint verkefni b-liðar þeirrar greinar; *vinna að og eftir landsáætlun í*

*landgræðslu og skógrækt.* Hér er vísað til stefnu og framtíðarsýnar í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031 – **Land og líf.**

Hér er, að mati stofnunarinnar, um lykilatriði að ræða í sameiningarferlinu. Ef sameiningin á að heppnast sem skyldi verður leiðsögn í málaflökknum að vera skýr. Enda þótt stofnanirnar eigi margt sameiginlegt þá eru líka ákveðnir hlutir sem greina þær að, t.d. geta viðfangsefnin ræktun nytjaskóga og verndun vistkerfa stangast á. Það að tryggja það að unnið verði með skýrum og markvissum hætti eftir stefnunni **Land og líf**, er því lykilatriði í hinu vænta sameiningarferli.

Um nafn á hina fyrirhuguðu, sameinuðu, stofnun – *Land og skógur* – segir í athugasemdum með frumvarpinu: „Ákveðið var snemma í ferlinu að velja nýtt og þjálft heiti á stofnunina. *Land og skógur* þykir lýsandi fyrir starfsemi stofnunarinnar og hefur skírskotun til verkefna og heita eldri stofnana.“

Landgræðslan telur að það megi alveg hugsa það betur hvort ekki finnist heppilegra nafn á nýja stofnun. Þannig sýnist nafnið *Land og skógur* hvorki sérstaklega þjálft né heldur er auðvelt að átta sig á tengingu við verkefni og heiti eldri stofnana, a.m.k. ekki Landgræðsluna. Landgræðslan leyfir sér að nefna hugmyndir sem upp hafa komið fram í sameiningarferlinu, s.s. *Land og líf*, *Stofnun landgæða og Fold*.

Í 7. gr. frumvarpsins eru ráðgerðar breytingar á öðrum lögum. Breytingarnar felast fyrst og fremst í því að nöfnum Landgræðslunnar annars vegar og Skógræktarinnar hins vegar er skipt út í hinum ýmsu lögum fyrir nafn nýrrar stofnunar – Land og skóg. Samræma á 6. gr. laga um landgræðslu (Landgræðsluáætlun) og 4. gr. laga um skóga og skógrækt (Landsáætlun í skógrækt) en í 1. og 2. mgr. 6. gr. laga um landgræðslu mun þannig segja:

„Ráðherra gefur eigi sjaldnar en á fimm ára fresti út landsáætlun um landgræðslu og skógrækt til tíu ára í senn. Í áætluninni skal kveðið á um framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt með hliðsjón af markmiðum laga þessara og laga um skóga og skógrækt. Áætlunin skal stuðla að framförum í mati á jarðvegsvernd. Í áætluninni skal gera grein fyrir markmiðum stjórnvalda um hvernig nýting lands styður best við atvinnu og byggðir í landinu, hvernig gæði lands eru best varðveitt og hvernig efla má og endurheimta vistkerfi sem skert hafa verið og koma með tillögur um breytingar á nýtingu lands, t.d. friðun fyrir tiltekinni nýtingu þar sem það á við.“

*Jafnframt skal í áætluninni gerð grein fyrir:*

- a. forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags,*
- b. vernd og endurheimt náttúruskóga,*
- c. ræktun skóga til uppbyggingar skógarauðlindar og umfangi og horfum hvað varðar nýtingu,*
- d. sjálfbærri nýtingu skóga,*
- e. áhrifum skógræktar á atvinnuþróun og byggð,*
- f. aðgengi fólks að skógum til útivistar,*
- g. skógrækt í samhengi við líffræðilega fjölbreytni,*
- h. skógrækt í samhengi við loftslagsbreytingar,*
- i. öflun þekkingar á skógum og skógrækt og miðlun hennar,*
- j. eftirliti með ástandi og nýtingu skóga,*
- k. eldvörnum og öryggismálum*

Landgræðslan gerir tillögu að tveimur breytingum/viðbótum við ofangreindan texta í 6. gr. laga um landgræðslu og 4. gr. um skóga og skógrækt, með breyttu breytanda.

- 1) Gerð er tillaga að því að 3. málslíður 1. mgr. hljómi svo: *Áætlunin skal stuðla að framförum í mati á jarðvegsvernd og í landnýtingu, þ.m.t. skógrækt og vernd og endurheimt vistkerfa.*

Þannig myndi 1. mgr. 6. gr. laga um landgræðslu hljóða svo:

*Ráðherra gefur eigi sjaldnar en á fimm ára fresti út landsáætlun um landgræðslu og skógrækt til tíu ára í senn. Í áætluninni skal kveðið á um framtíðarsýn og stefnu stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt með hliðsjón af markmiðum laga þessara og laga um skóga og skógrækt. Áætlunin skal stuðla að framförum í mati á jarðvegsvernd og í landnýtingu, þ.m.t. skógrækt og vernd og endurheimt vistkerfa. Í áætluninni skal gera grein fyrir markmiðum stjórnvalda um hvernig nýting lands styður best við atvinnu og byggðir í landinu, hvernig gæði lands eru best varðveitt og hvernig efla má og*

*endurheimta vistkerfi sem skert hafa verið og koma með tillögur um breytingar á nýtingu lands, t.d. friðun fyrir tiltekinni nýtingu þar sem það á við.*

Landgræðslan telur ofangreinda breytingatillögu eðlilega, þannig að stefnt skuli að því að stefna stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt skuli ekki einungis stuðla að framförum í mati á jarðvegsvernd heldur einnig, og samhliða, að framförum í landnýtingu. Tillaga þessi hefur ekki efnislegar breytingar í för með sér en undirstrikar mikilvægi landnýtingarþáttarins.

- 2) Langt er til að upptalning í 2. mgr. 6. gr. laga um landgræðslu (liðum a.-k.) verði breytt, sem og að bætt verði við upptalninguna einum staflið - l-lið. Málsgreinin myndi þannig hljóma svo:

*Jafnframt skal í áætluninni gerð grein fyrir:*

*a. forsendum fyrir vali á landi til landgræðslu og skógræktar með tilliti til náttúruverndar, matvælaframleiðslu, minjaverndar og landslags,*

*b. vernd og endurheimt vistkerfa,*

*c. ræktun skóga til uppbyggingar skógarauðlindar og umfangi og horfum hvað varðar nýtingu,*

*d. sjálfbærri nýtingu lands*

*e. áhrifum skógræktar og landgræðslu á atvinnuþróun og byggð,*

*f. aðgengi fólks að skógum og landgræðslusvæðum til útivistar,*

*g. landgræðslu og skógrækt í samhengi við líffræðilega fjölbreytni,*

*h. skógrækt og landgræðslu í samhengi við loftslagsbreytingar,*

*i. öflun þekkingar á landgræðslu og skógrækt og miðlun hennar,*

*j. eftirliti með ástandi og nýtingu lands,*

*k. eldvörnum og öryggismálum í skógum*

*l. fjölþættum ávinningi verndar og endurheimtar vistkerfa.*

Landgræðslan bendir á að þeir þættir sem upp eru taldir í 2. mgr. 6. gr. laga um landgræðslu, skv. fyrirliggjandi frumvarpi, eru þættir sem teknir eru beint upp úr gildandi lögum um skóga og skógrækt. Mikilvægt er að þessi upptalning sé ekki eingöngu miðum við skógrækt í landinu heldur hafi og breiðari skírskotun. Ofangreind tillaga er til þess fallin.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslunnar



---

Árni Bragason,  
landgræðslustjóri.